

Alþingi
Erindi nr. P 141/185
komudagur 22.10.2012

Efni: Umsögn - mat á umhverfisáhrifum - 87. mál

Vísað er í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 8. október sl., þar sem umhverfis- og samgöngunefnd óskar eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum (breyting á viðaukum, fjölgun tilkynningarskyldra framkvæmda), 87. mál.

Frumvarp þetta kom fyrst til umsagnar Umhverfisstofnunar í meðferð umhverfisráðuneytisins þar sem stofnunin kom að athugasemdum sínum. Stofnunin skilaði jafnframt inn umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar þann 17. apríl sl.

Umhverfisstofnun áréttar fyrri umsagnir sínar einkum að því er varðar vægi 3. viðauka. Auka þarf vægi viðmiða um sérstöðu og verndargildi þeirra svæða sem fyrirhugað er að raska og mikilvægt að í frumvarpinu sé komið til móts við þær athugasemdir ESA sem fram hafa komið um það að horfa þurfi til allra viðmiðanna í núverandi 3. viðauka en ekki aðeins stærðar. Umhverfisstofnun leggur því mikla áherslu á að horft sé til staðsetningar framkvæmdar og eiginleika hennar og að vægi núverandi 3. viðauka sé aukið í samræmi við ábendingar ESA. Út frá því sjónarmiði gerir stofnunin eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Landbúnaður skógrækt og fiskeldi

Í 1.04 og 1.05. eru vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar þ.m.t framræsla sem hefur áhrif á allt að 10 hektara svæði sett í b- og c- hluta laganna. Umhverfisstofnun bendir á að stjórnvöld hafa á undanföllum árum lagt áherslu á að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi og önnur lykilvistkerfi Íslands og 37. gr laga um náttúruvernd þar sem segir að mýrar og flóar 3 hektarar að stærð njóti sérstakrar verndar. Taka mætti til athugunar að samræma þessi stærðarviðmið.

Umhverfisstofnun leggur til að stærðarviðmið varðandi skógrækt verði skoðuð nánar enda eru fá skógræktarverkefni ná því umfangi að vera 200 ha. Stofnunin bendir á að skógrækt hefur áhrif á þær vistgerðir sem fyrir eru og nýjum þætti er bætt inn í það landslag sem fyrir er.

Námuiðnaður

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisáhrif efnistöku og haugsetningar eru ekki þau sömu. Haugsetning efnis felst m.a. í því að koma fyrir útmokstri s.s. úr jarðgangagerð og því gjarnan um tímabundin, afturkræf áhrif að ræða.

Ferðalög og tómstundir

Hér er einungis litið til umfangs starfsemi, þ.e. til þess svæðis sem fer beinlínis undir viðkomandi starfsemi, t.d. tjald- og hjólhýsasvæði. Hér þarf að gera skýrari greinarmun á því hvort þessi starfsemi í byggð eða í óbyggðum.

Vindmyllur

Hér er einungis litið til framleiðslugetu vindmyllunnar. Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisáhrif af vindmyllum eru fremur háð stærð vindmyllunnar en framleiðslugetu en helstu umhverfisáhrif slíkra mannvirkja eru sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Bent skal á að mikil umræða hefur farið fram í Danmörku um mannvirki af þessu tagi.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágútsdóttir
sviðsstjóri



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildastjóri